

Margþætt trygging sem innifelur meðal annars:

A. Viðbragð við tilviki um gagnastuld

Við komum til með að greiða fyrir þig kostnað sem fylgir viðbrögðum við gagnastuldi í kjölfar þess að gagnastuldur á sér stað á eða eftir gildisdagsetningu og sem þú uppgötvar og tilkynnir okkur innan váttryggingartímabilsins eða tiltekins tíma sem gefinn er til tilkynninga.

B. Netöryggi, friðhelgi og skaðabótaskylda vegna gagnastuldar

Við greiðum fyrir þína hönd tjónabætur og kostnað vegna bótakröfu að undanskilinni sjálfsábyrgð sem þér er lagalega skylt að greiða komi til bótakröfu vegna öryggisbrests netkerfis, brots á friðhelgi eða gagnastulds sem á sér stað á eða eftir gildisdagsetningu, að því gefnu að bótakrafa sé fyrst gerð á þig og tilkynnt til okkar á gildistíma tryggingar eða innan tiltekins tíma sem gefinn er.

C. Eftirlitsskyld ábyrgð

Við greiðum fyrir þína hönd skaðabætur og kostnað við bótakröfur að undanskilinni sjálfsábyrgð sem þér er lagalega skylt að greiða komi til skoðunar af hálfu eftirlitsaðila, innlendum sem erlendum sem til er komin vegna gagnastuldar sem átti sér stað á eða eftir gildisdagsetningu, að því gefnu að slík stjórnsýslukæra sé fyrst lög fram á hendur þér og tilkynnt til okkar á gildistíma tryggingar eða innan tiltekins tíma sem gefinn er.

D. PCI Gagnaverndarsektir og úttektir

Við greiðum fyrir þína hönd PCI sektir og álagningar auk kostnaðar við bótakröfu að undanskilinni sjálfsábyrgð sem þér er lagalega skylt að greiða komi til bótakröfu vegna gagnastuldar sem á sér stað á eða eftir gildisdagsetningu, að því gefnu að slík bótakrafa sé fyrst gerð á þig og tilkynnt til okkar á gildistíma tryggingar eða innan tiltekins tíma sem gefinn er.

E. Truflun á starfssemi

Við bætum þér tekjutap og viðbótarútgjöld, að undanskilinni sjálfsábyrgð, sem verða til á þeim tíma sem tekur að byggja upp reksturinn á ný og er bein afleiðing af truflun á netkerfi (algerri eða að hluta til) sem stendur lengur yfir en tiltekinn biðtími og er tilkomin vegna öryggisbrests á netkerfi að því gefnu að hann uppgötvist af þér og sé tilkynntur til okkar á váttryggingartíma eða innan tiltekins tíma.

F. Gagnabjörgun

Við bætum þér kostnað við gagnabjörgun, að undanskilinni sjálfsábyrgð, sem er tilkomin vegna öryggisbrests í netkerfi sem á sér stað á eða eftir gildisdagsetningu og þú uppgötvir og tilkynnir öryggisbrestinn á gildistíma váttryggingar eða innan tiltekins tíma.

G. Fjárkúgun um internetið

Við bætum þér tap sem lagalega telst mögulegt sem verður til við fjárkúgun um internetið, að undanskilinni sjálfsábyrgð, að því gefnu að það eigi sér stað á eða eftir gildisdagsetningu og að þú uppgötvir atburðinn og tilkynnir okkur á gildistíma váttryggingar eða innan tiltekins tíma.

H. Brot á reglum um markaðssetningu

Við greiðum fyrir þína hönd skaðabætur og bótakröfur, að undanskilinni sjálfsábyrgð, komi til þess að bóta sé krafist af þér fyrir brot á markaðslögum (media wrongful act) sem á sér stað á eða fyrir gildisdagsetningu. Að því gefnu að bótakrafa sé fyrst gerð á þig og tilkynnt til okkar á gildistíma tryggingar eða innan tiltekins tíma sem gefinn er.

- Váttryggingarfjárhæð og iðgjald eru gengistryggð í bresku pundi.
- Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum allan sólarhringinn.

Traust íslensk þjónusta

- TMÍ hefur miðlað váttryggingum í yfir 22 ár.
- TMÍ er framúrskarandi fyrirtæki skv CreditInfo síðastliðin 8 ár í röð.
- Tryggingin er 100% Lloyd's trygging.
- Lloyd's er með yfir 330 ára reynslu á sviði váttrygginga.